



## Framkvæmdaáætlun jafnréttisnefndar SHÍ 2024-2025

### 1. Aðgengismál innan Háskóla Íslands

Það er grundvallaratriði að nemendur, kennarar og starfsmenn sem sækja nám eða vinnu við Háskóla Íslands auk annarra utanað komandi aðila, geti nýtt sér allar þær aðstæður sem HÍ býður upp á. Hvort sem það er að komast í milli bygginga, athafna sig innan bygginga og þess háttar. Við viljum leggja okkar af mörkum í baráttunni að gera HÍ að opnum og aðgengilegum stað, þar sem öllum líður vel og velkomin.

<i>Markmið</i>	<i>Aðgerðir</i>
Vekja athygli á hvar aðgengi innan Háskóla Íslands er ábótavant.	<ul style="list-style-type: none"><li>Við viljum kanna aðgengismál í byggingum HÍ og benda á það sem er ábótavant. M.a. kanna hvar vantar blindraletur, hvar er ekki hægt að komast á milli í hjólastól o.þ.h.</li><li>Þetta væri hægt í samvinnu við Ráð um málefni fatlaðs fólks og framkvæmda- og tæknisvið.</li></ul>

### 2. Andleg veikindi og réttindi nemenda

Það er nauðsynlegt að nemendur við Háskóla Íslands geti leitað sér viðeigandi aðstoðar þegar þörf er á. Andleg heilsa stúdenta er mikilvæg og það er nauðsynlegt að stúdentar geti fengið viðeigandi aðstoð þegar þeim finnst þeir þurfa þess.

<i>Markmið</i>	<i>Aðgerðir</i>
Að auka sálfræðiþjónustu fyrir stúdenta við Háskóla Íslands og auka fjölbreytni í framboði á sálfræðingum.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þrýsta á það að fá fleiri sálfræðinga innan HÍ.</li> <li>• T.d. funda með rektor og fá Hugrónu geðfræðslufélag með í herferð.</li> <li>• Hvetja HÍ til að fá fleiri sálfræðinga inn í teymið, þ.á.m. karlmann, af því að það er mikilvægt að fólk geti fengið að velja hvern þau sækja þjónustu hjá.</li> </ul>
Gera það aðgengilegt og skýrt fyrir nemendum hver réttindi þeirra eru og hvaða úrræði eru í boði fyrir þá.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Auglýsa réttindi á plakötum um skólann og á Instagram.</li> <li>• Auka auglýsingar um sálfræðiráðgjöfina sem nemendum stendur til boða.</li> <li>• Auglýsa betur sálfræðiþjónustuna hjá meistaranemum í klínískri sálfræði.</li> </ul>

### 3. Málefni hinsegin fólks

Háskóli Íslands á að vera fyrir öll. Það er nauðsynlegt að hinsegin nemendur finni fyrir því að þarfir þeirra séu virtar og að þeim líði vel, velkomin og öruggum innan HÍ.

<i>Markmið</i>	<i>Aðgerðir</i>
Auka samvinnu við Q-félagið.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Q-félag hinsegin stúdenta þekkir best málefni hinsegin fólks og við ætlum að auka samstarfið þar á milli.</li> <li>• Við viljum fara í sameiginlegar herferðir með þeim og halda viðburð í Jafnréttisviku HÍ með þeim.</li> </ul>
Auka sýnileika hinseginleikans og halda honum stöðugum.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gera plaköt með fánum, fyrir hvað þeir standa og hvað þeir þýða.</li> <li>• Gera plaköt með leiðarvísium með fornöfnum.</li> </ul>
Fjölga kynhlutlausum klósettum innan HÍ.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skoða í hvaða byggingum vantar ókyngreind klósett, koma því áleiðis</li> </ul>

	og vekja athygli á því að það þurfi að laga.
--	----------------------------------------------

#### 4. Jafnrétti óháð kyni

Nauðsynlegt er að halda báráttunni um jafnrétti kynjanna áfram innan Háskóla Íslands. Við viljum tryggja það að öll upplifi sig örugg, að öll njóti réttinda og njóti þess til fulls að vera nemandi við HÍ.

<i>Markmið</i>	<i>Aðgerðir</i>
Auka sýnileika á því hvert er hægt að leita ef fólk verður fyrir hvers kyns ofbeldi eða vart við það.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vekja athygli á því hvar hægt er að kynna ofbeldi af öllu tagi.</li> <li>• Hægt er að útbúa plaköt og dreifa um skólann í samvinnu við jafnréttisfulltrúa HÍ.</li> </ul>
Auka samstarf við Femínistafélag HÍ.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vera í góðri samvinnu við Femínistafélagið um það hvernig við getum beitt okkur saman í jafnréttismálum.</li> </ul>
Heyra raddir nemenda um hvað mætti fara betur.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Senda út könnun um jafnrétti nemenda við HÍ og nýta svörin til að betrumbæta HÍ.</li> <li>• Hægt að gera þetta í samvinnu við t.d. félagsvísindasviðið.</li> </ul>

#### 5. Jafnrétti óháð uppruna

Háskóli Íslands er alþjóðlegur skóli og nauðsynlegt er að tryggja öllum jafnan aðgang að námi og félagslífi, óháð uppruna. Mikilvægt er að upplýsingar séu á ensku og að öll upplifi sig velkomin og finni eitthvað við sitt hæfi.

<i>Markmið</i>	<i>Aðgerðir</i>
----------------	-----------------

Gera réttindi nemenda með annað móðurmál en íslensku aðgengilegri í skólanum.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gera plaköt með öllum réttindum þeirra í námi, sálfræðipjónustunni, hvert þau geti leitað o.þ.h.</li> </ul>
Kanna hvað nemendum með annað móðurmál en íslensku finnst mega fara betur.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gera könnun og fá að heyra þeirra upplifun og vinna í því að betrumbæta HÍ út frá þeirra svörum.</li> </ul>

## Viðburðir og aðrar þælingar

### Jafnréttisvika HÍ

- Haldin í febrúar 2025
- Jafnréttisnefnd SHÍ er með einn viðburð og við ætlum að halda hann í samvinnu við Q-félagið og alþjóðanefnd SHÍ.

### Góðgerðarvika SHÍ

- Þurfum að finna dagsetningar.
- Jafnréttisnefnd SHÍ hefur í huga að halda góðgerðarviku á skólaárinu.
- Fólk innan skólans gerir áskoranir fyrir x upphæð, sem rennur til styrktar einhverju góðgerðarfélagi eða -málefni.